

Allt fyrir hótél og veitingahús

LAUGARDAGUR 16. MARS 2019

Kynningar: Olís, Allt fyrir hótél, Central Pay, Hótelrekstur



Í fararbroddi í sölu á hótellíni

Edda Heildverslun hefur lengi verið leiðandi í sölu á hótélrúmfötum og stefnir á það sama í starfsmannafatnaði. Viðskiptavinir Eddunnar eru bæði stórir og smáir aðilar í gistinguþjónustu. ➔2

MYND/SIGTRYGGUR ARI



EDDA
HEILDVERSLUN

Edda Heildverslun var stofnuð árið 1932 og hefur því þjónustað fyrirtæki með lín og aðra vefnaðarvöru í 86 ár. Undanfarna áratugi hefur Eddan verið leiðandi í sölu á hótellíni og þjónustar í dag stærstu hótellandsins. Árið 2005 varð Eddan hluti af Rún Heildverslun, sem hefur sérhæft sig í innflutningi og sölu á fatnaði. Undanfarin ár hefur mikil aukning orðið í sölu á starfsmannafatnaði inn í hótél- og veitingageirann en viðtökur markaðarins hafa verið frábærar.

Allt lín fyrir hótélherbergið

Helga Ragnarsdóttir, sölu- og innkaupastjóri hjá Eddu Heildverslun, segir fyrirtækið bjóða upp á flest það sem hótélherbergið þarfnast þegar kemur að líni. „Stærstu vöruflokkarnir okkar eru rúmföt, lók og handklæði en einnig seljum við mikið af sængum, koddum, sloppum og ýmsa fylgihluti eins og púðum og teppum.“

Stærsta vörumerkið sem Edda selur er Dibella en það er þýskt framleiðslufyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu á hótellíni og hefur verið starfandi í áratugi að sögn Helgu. „Dibella á verksmiðjur víðs vegar um heiminn og vörurnar þeirra má finna á ýmsum hótélum víðsvegar um Evrópu.“

Mikil áhersla er lögð á góða þjónustu við viðskiptavininn enda þarfir þeirra mjög mismunandi, segir Helga. „Við leggjum mikla áherslu á að aðstoða hóteleigendur við val á rúmfatnaði. Hér ber að hafa í huga gæðastandard, meðhöndlun, endingu og kostnað við umhirðu. Það er langur vegur frá því að ein gerð af rúmfötum henti öllum rekstrareiningum.“

Helga segir heildverslunina hafa verið duglega síðustu misseri að bæta inn í alla vöruflokkana og geti því sennilega boðið upp á mesta úrvalið hérlandis af hótellíni. „Meðal nýjunga sem við erum að taka inn á lager má nefna nýjan lit í straufrú SeerSucker rúmfötunum sem eru ein vinsælustu settin okkar, sérstaklega hjá hótélum og gististöðum sem sjá sjálf um þvottinn. Þessi sett hafa þann undravæða eiginleika að krumpast ekki þótt þau gleymist í þurrkaranum tímum saman.“

Samfara miklum vexti í hótélbransanum undanfarin ár hafa sérþarfirnar aukist, segir Helga. „Við erum mjög vel sett með úrval á allri lagervöru okkar en við höfum lagt mikla áherslu á að þjónusta stærri hótelin með vörur sem eru sérsníðnar að þeirra þörfum og skapar þeim sérstöðu um leið. Sérpantanir eru því klárlega eitthvað sem er að aukast hratt.“

Starfsmannafatnaður í úrvali

Rún Heildverslun býður upp á starfsmannafatnað fyrir flest fyrirtæki á íslenskum atvinnumarkaði að sögn Þórhildar Vilhjálmssdóttur, sölu- og innkaupastjóra starfsmannafatnaðar. „Við erum með marga stóra birgja þannig að það er fátt sem við getum ekki leyst eða útvegað. Stærsti viðskiptamannahópur okkar eru hótél og veitingahús en auk þess sinnum við aðilum úr viðskiptalífni, t.d. bilaleigum, fasteignasölu, bönkum sem og starfsfólki hins opinbera. Í raun má segja að við sinnum öllum þeim sem eru í framlínu fyrirtækja og þurfa að koma vel fyrir.“

Þjóna- og móttökufatnaðurinn er vinsælasti starfsmannafatnaður en hann samanstendur af skyrtum, jakkafötum, eða drögtum og oft vesti innan undir. „Við eigum þessar vörur á lager í fjórum til fimm litum og öllum stærðum og sniðum. Allir, jafnt smáir sem stórir, ættu að geta fundið eitthvað hjá okkur.“

Þórhildur segir enga kröfu um lágmarksmagn í pöntunum og viðskiptavinir þurfi ekki að skuld-



Þórhildur Vilhjálmssdóttir, sölu- og innkaupastjóri starfsmannafatnaðar (t.v.), ásamt Helgu Ragnarsdóttur, sölu- og innkaupastjóra Eddu Heildverslunar.



Rúmföt, handklæði, sængur og koddar eru vinsælustu hótélvörurnar.

Við leggjum mikla áherslu á að aðstoða hóteleigendur við val á rúmfatnaði. Hér ber að hafa í huga gæðastandard, meðhöndlun, endingu og kostnað við umhirðu.

Helga Ragnarsdóttir

binda sig til margra ára. „Markmið okkar er fyrst og fremst að veita það góða þjónustu að fyrirtækin kjósi að halda tryggð við okkur. Við bjóðum upp á mjög stuttan afgreiðslutíma, oftast samdægurs, þar sem við eigum flestar vörur á lager. Klæðskerameistari og klæðskerri okkar sjá um allar máltökur og mátanir ásamt því að ráðleggja um samsetningu og heildarútlit fyrir starfsfólk. Einnig bjóðum við upp á allar nauðsynlegar fata-breytingar, merkingar og annað sem til fellur. Sé þörf á að mæta á staðinn gerum við það að sjálf-söðu.“

Meðal nýlegra vara má nefna J. Harvest & Frost skyrtumerkið



sem Rún er nýbúin að taka í sölu. „Skyrturnar eru sérhannaðar fyrir atvinnulífið og koma með mörgum skemmtilegum smáatriðum. Þær eru straufríar og allir elska straufríar skyrtur, er það ekki? Birgjarnir okkar eru mjög duglegir við að uppfæra línurnar sínar og koma með nýjungar. Má þar t.d. nefna sænska merkið Segers sem er framarlega í flokki fyrir nýttiskulegan og spennandi kokka- og þjónafatnað,“ segir Þórhildur að lokum.



Til vinstri má fjá flottan kokka- og þjónafatnað frá Segers. Fyrir neðan er sýnishorn af finni starfsmannafatnaði fyrir starfsfólk í framlínu fyrirtækja.



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is



geiri
www.geirief.is



Allt fyrir
atvinnueldhús
veitingastaði
kaffihús og hótél



Allt fyrir
mötuneyti
og matvinnslur

retigo
VISION

400 Retigo ofnar
seldir í íslensk
atvinnueldhús

ORANGE Vision **BLUE Vision**

KEN

Uppvottavélar
í stóreldhús
og mötuneyti

Velkomin í sýningarsalinn Draghálsi 4



Allt hjá okkur



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is



geiri
www.geirief.is



Draghálsi 4 - 110 Reykjavík
Sími: 535 1300 -
verslun@verslun.is

Það sem gestir vilja hafa á hótélum

Hótel skipta máli þegar fólk ferðast um heiminn. Það eru þó einstaka hlutir sem fólk vill umfram aðra. Frítt internet þykir orðið sjálfsgæður hlutur en hreinlæti er í efsta sæti þegar kemur að kröfum gesta.

Elin
Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Þótt aukist hafi að fólk dvelji í leigubúðum (Airbnb) á ferðalögum þá kjósa flestir að dvelja á hótélum eða gistiheimilum. Sumir velja lúxus og greiða meira fyrir dvölinna á meðan aðrir vilja spara í hótélkostnaði. Það eru þó allir sammála um nokkra nauðsynlega hluti sem þurfa að vera í lagi á hótélum. Samkvæmt könnun sem hotels.com gerði eru fimm hlutir sem skipta fólk mestu máli þegar hótel er valið. Hreinlæti er þar í fyrsta sæti og gott viðmót starfsfólks.

Því meira sem fólk ferðast, þeim mun frekar gerir það kröfur um góðan aðbúnað á hótélum eða gististöðum. Þráðlaust internet er nauðsynlegt hjá flestum og sömuleiðis góður morgunverður. Það eru þó ekki þessi tvö atriði sem reyndust mikilvægust í könnun hotels.com.

Fólk vill koma að hreinu herbergi með góðu baðherbergi. Sturtan þarf að vera hrein og sömuleiðis salernið. Það vill enginn sjá raka í veggjum, sveppi eða jafnvel lifandi pöddur í hótélherbergjum.

Vingjarnlegt starfsfólk virðist skipta miklu máli hjá ferðamönnum. Þegar tekið er á móti fólki með brosi á vör hefur það mikið að segja. Þá skiptir rúmið verulega miklu máli. Gott rúm með þægilegum rúmfötum er númer þrjú á listanum. Fólk vill góða hvíld á ferðalögum.

Staðsetningin er sömuleiðis mikilvæg. Það getur verið dýrt að fara á milli staða. Best er að hafa áhugaverða staði í göngufæri eða að minnsta kosti í nálægð við strætisvagna eða neðanjarðarlestir. Allir ættu að lesa umsagnir á netinu um hótelið áður en það er bókað.

Enginn vill borga of mikið fyrir hótélherbergi. Verðið skiptir miklu máli. Dýrari hótel eru ekki alltaf betri kostur því lítil, vinalæg og ódýr hótel geta verið mjög góð. Ef hótelið býður upp á frítt net er það stór bónus.

Þá er bent á að hótélherbergi þurfi að hafa góðar innstungur til að hlaða tölvur, myndavélar og síma. Helst þarf slík innstunga að vera nálægt rúminu þar sem margir liggja uppi í því með símann eða



Gestir vilja hafa baðherbergið privat. Gler sem tíðkast í mörgum nýjum hótélum er ekki vinsælt þegar tveir eru saman, jafnvel þótt um þör sé að ræða.



Margir vilja geta hellt upp á kaffi á hótélherberginu og hafa það huggulegt.

nota hann sem vekjaraklukk. Þá vilja þeir hafa símann við höndina þótt hann þurfi hleðslu.

Mörgum finnst nauðsynlegt að hafa kaffivél á hótélherbergi, til dæmis Nespresso-vél sem lagar kaffi fyrir einn bolla í einu. Sumir vakna snemma og vilja fá sér einn kaffibolla á meðan kíkt er á tölvu-póstinn. Þá vilja margir að boðið sé upp á tannbursta og tannkrem. Fólk gleymir nefnilega oft þessum

hlutum. Frítt vatn er líka á lista yfir þá hluti sem fólk nefnir þegar spurt er hvað sé nauðsynlegt á hótélherbergjum. Flestum gremst að þurfa að borga mikið fyrir vatnsflösku. Enginn þarf að hafa áhyggjur af slíkum hlutum hér á landi þar sem vatnið í krananum er ókeypis. Hins vegar væri ágætt að láta fólk vita af því þegar það bókar sig inn. Eitt enn sem fólk nefnir eru myrkvunartjöld ef það

Þessi fimm atriði skiptu ferðamenn mestu máli þegar valin eru hótel:

- 1 Þrifnaður
- 2 Vinalegt starfsfólk
- 3 Gott og þægilegt rúm
- 4 Góð staðsetning
- 5 Hagstætt verð

vill til dæmis leggja sig að deginum eftir næturflug. Einnig nefnir fólk að hótel ættu eingöngu að vera með þúða sem hægt er að þvo. Oft eru skrautþúðar á hótélherbergjum sem aldrei eru þvegnir. Það sama gildir auðvitað um rúmteppi.

Þá ættu að vera næg herðatré í fataskápum á hótélum. Fólk sem er í viðskiptaferð er oft með mismunandi klæðnað með sér og þarf að hengja betri fötin upp. Þá er einnig nauðsynlegt að hafa góðan stand fyrir ferðatösku.

Eitt af því sem er gagnrýnt eru baðherbergi með glerveggjum. Það hefur verið tíska á nýjum hótélum að í stað veggja er komið gler. Flestir vilja hafa klósett- og sturtuferðir privat þegar tveir gista

saman í herbergi.

Á sumum hótélum er iPad í boði fyrir gesti til að panta þjónustu. Þá er til dæmis hægt að panta sér morgunmat á herbergið rafrænt eða biðja um að verða vakinn. Einnig ætti að vera hægt að stýra merkingu á hóteldyrnum, til dæmis merkja „ekki ónáða“, með því að ýta á hnapp.

Markaðsrannsókn sem gerð var af Brodeur Partners í Boston fór í gegnum meira en 18 þúsund komment á netinu á sex mánaða tímabili til að finna út hvað fólk væri helst að gagnrýna. Mikið var rætt um stærð á herbergjum og tækni sem boðið var upp á. Það sem fólk vildi helst að bætt yrði úr var sturtan. Oftar en ekki var of lítið vatnsrennsli úr sturtuhausnum. Jafnvel á finum og dýrum hótélum var sturtan vonlaus. Sömuleiðis var kvartað yfir of fáum innstungum til að hlaða símann.

Gott morgunverðarhlaðborð gerir gestina glaða með hóteldvölinu. Súkkulaðimoli á koddanum kallar á ánægjubros að ógleymdri hamingjustund „happy hour“ á barnum.

Mikið úrval af matvöru, sérvöru og fatnaði fyrir hótel og veitingahús. Kynnið ykkur úrvalið í vefverslun á heimasíðu okkar, www.asbjorn.is.

Asbjörn

Ásbjörn Ólafsson ehf.



Ragnheiður Sigurðardóttir í verslun sinni í Hátúni þar sem hún tekur á móti gestum. Þar er ýmislegt fallegt að finna og umhverfisvænt. MYND/SIGTRYGGUR ARI

Vandaðar, endingargóðar og umhverfisvænar vörur

Í Hátúni er Ragnheiður Sigurðardóttir með verslun sína Hótelrekstur þar sem hægt er að fá allt fyrir hótélherbergið á einum stað. Ragnheiður tók strax þá stefnu að vera með sem bestar vörur fyrir umhverfið. Hún þjónustar einnig einstaklinga sem vilja vandað á rúmin.

Hótelrekstur er fyrirtæki sem byggir á áralangri reynslu. Fyrirtækið leitast við að tryggja viðskiptavinum ábyggilega og persónulega ráðgjöf ásamt því sem boðið er upp á gæðavörur á góðu verði. Fyrirtækið býður upp á heildstæðar lausnir þannig að hægt sé að fá allt á einum stað. „Þetta er hugsað þannig að hótelið geti komið á einn stað og fengið nánast allt fyrir sitt hótél, allt umhverfisvænt,“ segir Ragnheiður Sigurðardóttir, eigandi Hótelreksturs. Einungis eru í boði mjög vandaðar, endingargóðar og umhverfisvænar vörur sem koma frá Þýskalandi, Ítalíu, Hollandi og Englandi. Markmiðið er að tryggja gestum sem besta upplifun með gæðum og viðskiptavinum persónulega þjónustu.

„Ég er að leitast eftir því að þetta fylgi því sem hótelin þurfa að fylgja eftir. Það eru svo margir gestir sem fara fram á að vörurnar sem eru í herbergjunum




Ragnheiður hefur í boði alls konar „mini kit“ til að setja inn á herbergin eins og sturtuhettur, tannbursta og tannkrem, eyrnatappa og svefngrímur, svo fátt eitt sé nefnt. MYND/SIGTRYGGUR ARI



Einungis eru í boði mjög vandaðar, endingargóðar og umhverfisvænar vörur sem koma frá Þýskalandi, Ítalíu, Hollandi og Englandi.

Við val á þeim vörum sem ég býð upp á er horft til þess að bómullin sé vel valin.



Hótelrekstur er fyrirtæki er byggir á áralangri reynslu. Fyrirtækið leitast við að tryggja viðskiptavinum ábyggilega og persónulega ráðgjöf ásamt því sem boðið er upp á gæðavörur á góðu verði.

séu vottaðar umhverfisvænar og öruggar. Við val á þeim vörum sem ég býð upp á er horft til þess að bómullin sé vel valin, að vafningurinn sé þéttur, þær þoli suðu, að frágangurinn sé vandaður og að þær séu þægilegar í meðhöndlun. Þetta skiptir allt máli. Ég hef alist upp í því umhverfi að meðhöndla flikur enda stofnaði afi minn efnalaug fyrir rúmum 65 árum.“

Ragnheiður byrjaði að vinna þar áður en hún var 10 ára og þekkir

því vel hvað efni þarf til að þola marga þvotta. „Í upphafi og við val á þeim vörum sem ég hef í minni verslun leitaðist ég við að gæðaprófa allar vörurnar í samstarfi við efnalauginna sem er fjölskyldufyrirtæki í dag, er uppfyllir kröfur um gæði, meðhöndlun og endingu.“

Ég hef einnig í boði sápur sem eru parabenfríar og hafa ekki verið prufaðar á dýrum. Eins hef ég eins konar „mini kit“ til að setja inn á herbergin eins og sturtuhettur, tannbursta og tannkrem, eyrnatappa, svefngrímur, saumasett og blautklúta til að hreinsa andlitið. Eins mikið úrval af sloppum, serví-

ettuboxum, tekötlum, bökkum, tóskustöndum, hárburrkum, hönkum inn á bað, klósettrúllu-höldurum og margt fleira sem hægt er að nálgast á heimasíðunni hotelrekstur.is.

Einnig hef ég mikið úrval af servíettum, dúkum bæði ferköntuðum og hringlaga og straufríu dúkarnir hafa notið mikilla vinsælda en þá er hægt að fá í ýmsum litum. Eins rúm-ábreiður og borðrenninga sem einnig eru straufrír. Ég þjóna einnig einstaklingum og býð alla velkomna til mín í verslunina Hótelrekstur, Hátúni 6a.“



Það er fátt sem minnir meira á hótellif en sloppur. Ragnheiður hefur mjög gott úrval.

Léttur, grænn og góður hótélrekstur

Hjá Olís fæst allt sem stuðlar að góðum hótél- og veitingarekstri. Þar gefast lausnir sem minnka kolefnisspor, stuðla að sparnaði og umhverfisvernd og auka gæði og hvers kyns þjónustu.

Olís er umboðsaðili fyrir Ecolab, einn stærsta efnavöruframleiðanda heims. Í samvinnu við Ecolab býður Olís hágæðalausnir fyrir hótél og gistiheimili sem miða að umhverfisvernd, minnkun kolefnisspora og sparnaði, ekki bara í verði heldur líka umbúðum, umfangi og vatnsmagni,“ upplýsir Jón Berg Torfason, sölu- og þjónusturáðgjafi á fyrirtækjaviði Olís.

Lausnir eru í boði fyrir alla þætti í starfsemi hótela; eldhús, þvottahús, herbergjaþrif og öll önnur almenn rými.

„Olís vinnur að sama skapi öll tilhlýðileg gögn sem til þarf, svo sem þrifaplön, öryggisblöð og leiðbeinandi plögg fyrir starfsfólk, ásamt því að bjóða upp á mælingar af ýmsu tagi sem tengjast starfsemi eldhúsa,“ útskýrir Jón Berg. „Við leggjum metnað okkar í að fylgja því eftir að starfsfólk noti efni og búnað frá Ecolab á réttan máta og því er ætíð lögð áhersla á að kenna starfsfólki ýmist á verkstað eða með því að bjóða upp á námskeið fyrir stærri hópa.“

Miklu meira en ryksugur

Ryksugur frá Nilfisk þekkjast allir og nú hefur Nilfisk verið innan raða Olís í um það bil þrjú ár.

„Það má með sannri segja að viðtökur við Nilfisk-vörulínunni hafi verið hreint út sagt frábærar,“ upplýsir Guðrún Bergmann, sölu- og þjónusturáðgjafi á fyrirtækjaviði Olís.

„Hönnun vélanna stefnir hraðbyri í átt að sjálfvirknivæðingu en nú er Nilfisk að leggja áherslu á snúrulausar ryksugur með lithium-rafhleðu sem er með mikla endingu og stuttan hleðslutíma. Þar eru VP600 Battery- og GD5 Battery-ryksugurnar mjög vinsælar,“ segir Jón Berg, en Nilfisk er miklu meira en ryksugur.

„Gólfþvottavélar Nilfisk eru vel þekktar hér á landi og mikið úrval í boði, allt frá hinum smæstu lausnum upp í þær stærstu. Sömu leiðis er til mikið af sópum og sú tíð að nálgast óðfluga að fyrirtæki og stofnanir fari að huga að þrifum utanhúss. Þá er mikið úrval í boði til þeirra verka frá Nilfisk,“ segir Guðrún.

Eftirlit í skýjalausn

Með haustinu býður Olís, í samstarfi við franska gæðastaðla-fyrirtækið Bureau Veritas, nýja



Guðrún Bergmann og Jón Berg, sölu- og þjónusturáðgjafar á fyrirtækjaviði Olís, með úrval Nilfisk-ryksuga og hótélvagna. MYND/SIGTRYGGUR ARI

skýjalausn sem stuðlar að bættu matvælaeftirliti, auknum gæðum starfsfólks og samþættingu gátlista og gæðahandbóka, svo dæmi sé tekið.

„Allt er þá geymt á einum stað, þar sem stjórnandi með nokkrar starfsstöðvar getur haft eftirlit og stjórn með, og tryggt samræmd gæði og vinnubrögð. Nokkur verkefni eru þegar farin af stað og þau hafa reynst vel og viðtökur verið góðar við þessari viðbót í þjónustu við núverandi viðskiptavinum Olís,“ upplýsir Jón Berg.



Hreinsivörur frá Ecolab henta fyrir öll rými og alla starfsemi á hótélum og veitingahúsum.



Dásamlegar sápur frá Allison.

að sparnaði og minna kolefnisspori, tíma og kostnaði, og næst þetta með minnkun plastnotkunar og greinargóðri og skýrri flokkun,“ segir Guðrún.

Allar nánar upplýsingar veita Jón Berg Torfason og Guðrún Bergmann ásamt öflugum teymi sölu- og þjónusturáðgjafa um land allt. Sjá nánar á olis.is

Fjölbreyttar lausnir

Olís býður upp á mikið úrval einnota umbúða frá Abena og hjá þeim er að finna landsins mesta úrval af einnota hönskum og nánast öllu sem þarf til reksturs hótela.

„Fjölbreytt úrval lita er til í vörulínu Olís og sömuleiðis er hægt að tryggja val á réttum hanska til að vinna rétt verk,“ segir Guðrún.

Allison er birgir í sápum og heildarlausnum í húðvörum fyrir hótél.

„Hér er lögð rík áhersla á sérstöðu hvers og eins viðskiptavinar fyrir sig, ásamt því sem hann hefur val um útlit umbúða og innihald sem getur haft öll umhverfismerki að leiðarljósi, svo sem Evrópu-blómið, Svaninn, Vegan og astma- og ofnæmismerkingar,“ útskýrir Guðrún.

Sænska fyrirtækið Paxxo vinnur að heildarlausnum í sorpflokkun. „Paxxo býður lausnir sem miða



HEILDARLAUSNIR
FYRIR HÓTEL OG VEITINGASTAÐI

Hámarkaðu möguleikana

IKEA getur aðstoðað sama hvernig fyrirtæki þú rekur. Hjá fyrirtækjapjónustu IKEA færðu allt frá góðum ráðum og utanumhaldi pantana til vöruafhendingar og ráðgjafar um þjónustu.

Það gefur þér meiri tíma til að hámarka möguleikana sem búa í þínu fyrirtæki. Hafðu samband við fyrirtækjapjónustuna með því að senda póst á sala@IKEA.is eða hringja í síma 520 2500.

HEKTAR loftljós Ø47cm

9.990,-

BEKANT fundarborð

48.800,-

IDÁSEN skápar með snjallás

35.400,-/stk.



Verslun opin **11-21** alla daga - Veitingasvið opið 9:00-20:30 - IKEA.is




Flugstöðin sem varð að hóteli

Sögulegri flugstöðvarbyggingu í New York sem hönnuð var af hinum finnsk-bandaríska Eero Saarinen hefur verið breytt í eka lúxushótel.

TWA-flugstöðvarbyggingin við JFK-flugvöllinn í New York er ein best þekkt hönnun Eero Saarinen (1910-1961) sem fæddist í Finnlandi en flutti til Bandaríkjanna 13 ára gamall. Saarinen hannaði flugstöðina fyrir flugfélagið Trans World Airlines sem var mikilvirt bandarískt flugfélag, starfrækt á árunum 1930 til 2001. Flugstöðin var þekkt sem TWA Flight Center, hún var opnuð árið 1962 en lokað 2001 þar sem hún var ekki lengur nógu stór til að þjónusta stórar nútímalagar flugvélar. Hún stóð ónotuð í sextán ár þegar endurbætur hófust vegna hótelbyggingarinnar.

Lögun flugstöðvarinnar þykir afar sérstök og flott enda líkir hún eftir fugli með útbreidda vængi. Innviðir hótelsins nýja voru hannaðir af INC Architecture & Design en herbergin voru hönnuð af Stonehill Taylor. Hönnuðirnar reyndu að halda í þann tíðaranda sem húsið var upphaflega hannað í. Í móttökunni eru rauðir sófar sem byggðir eru ofan í gólfið og rautt gólfteppi gefur anddyrinu einstakan blæ. Rauði liturinn var raunar hannaður sérstaklega fyrir þetta verkefni af arkitektunum.

Í hótelinu eru 512 herbergi í tveimur nýjum byggingum sem reistar voru bak við flugstöð



Flugstöðin minnir á fugl með útbreidda vængi og mun án efa vekja athygli í nýju hlutverki sínu.



Eero Saarinen

Saarinens. Sérhannaðar gardínur eru í herbergjunum en þær eru innbyggðar og þykkari en nokkuð sem áður hefur þekkt, til að draga úr hávaðanum frá flugvélum sem eru að taka á loft.

Herbergin eru hönnuð í anda



Niðurgrafnir rauðir sófar setja sterkan svip á anddyri hins nýja hótels.

Í nýja hótelinu eru einnig sex veitingastaðir, átta barir, kaffihús, dansstaður, líkamsrækt og verslanir. Sundlaug er á þaki hótelsins og gestir geta einnig heimsótt safn sem sýnir gamla búninga úr sögu TWA-flugfélagsins.

Roomer til einföldunar

Snjöll og hagkvæm tækni til að sjá um hótelreksturinn.

www.roomerpms.com



Roomer á Íslandi
Auðbrekka 10
200 Kópavogur
sími: +354 497 1208
netfang: iceland@roomerpms.com

ROOMER
HOTEL MANAGEMENT SYSTEM

LÍFIÐ ER Á FRETABLAÐIÐ.IS

Lífið á frettablaðið.is fjallar um fólk, menningu, tísku, heilsu og margt fleira.

Ekki missa af neinu, fylgdu Frettablaðinu á Facebook



Heildarlausnir og gardínur fyrir hótél og líka heimilin

Allt fyrir hótél er heildsala í Kópavogi sem sérhæfir sig í öllum þeim vörum sem eigendur og rekstraraðilar íbúða og hótela af öllum stærðum og gerðum þurfa á að halda.

Ég hef breiða vörulínu sem hentar bæði stórum hótélum og smærri gististöðum. Ég hef verið með mörg hótél sem er verið að opna og einnig aðstóðað eldri hótél sem eru að endurnýja og betrubæta hjá sér," segir Ellen Dröfn Björnsdóttir, stofnandi og eigandi Allt fyrir hótél.

Ellen býður upp á mikið lítaúrval í myrkvunargardinum og þunnum gardinum sem fást í miklu úrvali. Þær eru allar saumadar hjá klæðskera með atvinnusaumavélum. „Gardínur og hlýlegt umhverfi skipta gesti auðvitað miklu máli. Það er töluverð vinna við að finna réttu gardínurnar, þær þurfa að eldast vel og vera tímalausar. Það er reynsla mín að eigendur hótélanna vilja vanda valið við uppsetningu og vilja vönduð vinnubrögð á sínum gardínláusnum," segir hún.

Ellen hefur einnig sérmerkt hótélvörur fyrir viðskiptavinum og hefur verið að vinna með hótélum í að útrýma plasti sem er venjulega á hótélherbergjum. „Margir vilja t.d. stærri einingar af sápum sem eru með áfyllingar til



Ellen býður upp á mikið lítaúrval í myrkvunargardinum og þunnum gardinum undir í miklu úrvali.

að minnka rusl og sóun."

Ellen hefur þjónustað fyrirtæki og hótél í fimm ár og segir starfið vera afar skemmtilegt og lifandi. „Ég hitti margt fólk með mismunandi þarfir. Það getur skóðað og valið gardínur eða aðrar vörur fyrir Airbnb-íbúð eða margra herbergja og stórt hótél. Undanfarið hef ég unnið heildarlausnir fyrir nýtt hótél, allt frá sturtuhettum með sérmerktu lögó hótelsins, verið með allt lín og sett upp gardínur. Ég hef mikinn metnað fyrir að bjóða upp á gott og vandað lín á



Ellen Dröfn Björnsdóttir á einu af hótélunum sem skartar gardinum frá henni. MYND/STEFÁN

rúmin og hef nánast allt sem þykir nauðsynlegt til að gera hótélherbergin hlýleg."

Ellen hefur einnig saumað mikið af svokölluðum „voile“ gardinum sem eru mög vinsælar þessi misserin á heimilum. „Það hefur færst í aukana að heimilin eru gerð hlýleg og notaleg með gardinum sem er þægileg lausn upp á þrif og að fá góða birtu inn. Ég hef boðið upp á margar og fallegar lausnir fyrir stofuna og herbergin."

Getum við orðið að liði?

 **DANUBE**



WPR-10kg.



DPR-10kg.

Icefakta ehf. býður upp á alhliða þvottalausnir fyrir þvottahús, gistiheimili hótél og stofnanir. Þvottavélar, þurrkarar, strauvélar, fatapressur og flutningsgrindur.



Ný tækjalína frá Danube



Vandað þýskt hótellín



 **iceFAKTA ehf.**

Kirkjustétt 4
113, Reykjavík
s: 567 4577

www.icefakta.is

Fyrsta vegan svíta heims

Hönnunarfyrr-tækið Bompas & Parr hefur hannað heimsins fyrstu vegan svítu fyrir Hilton hótél í London. Aðeins er notaður efniviður sem uppfyllir kröfur veganista.

Vegan lífsstíllinn er að verða æ fyrirferðarmeiri meðal íbúa heimsins. Því er ekki að undra að hótél fari að huga að því að bjóða þessum fjölgandi hópi gesta sinna upp á valkost sem samræmist hugsjónum hans.

Hilton London Bankside hótelið fékk til liðs við sig hönnunarstúdíóið Bompas & Parr til að hanna vegan svítu en talið er að hún sé sú fyrsta sinnar tegundar í heiminum. Hugmyndin var að benda á að veganismi er ekki aðeins matarstefna heldur lífsviðhorf.

Við hönnun herbergisins voru aðeins notuð hráefni úr plöntu-



Svítan er hönnuð af hönnunarstúdíóinu Bompas & Parr og talin fyrsta sinnar tegundar í heiminum.

heiminum en sneitt var hjá leðri, fjöðrum og ull. Miðpunktur í hönnun svítunnar var nýstárlegt efni sem kallast Piñatex, veganvænt leður sem búið er til úr trefjum úr ananas. Það þótti við hæfi að nota þetta ananasefni enda


er avöxturinn eitt af einkennismerkjum í arkitektúr á svæðinu en ananas var fyrst fluttur til London í gegnum Borough Market sem er í nágrenni hótelsins.

Gestir geta notið vegan dvalar frá upphafi til enda á hótelinu. Þeir


geta setið í Piñatex leðursófum og notað lykklakort úr sama efni. Í svítunni eru koddar sem fylltir eru lifrænu tróði úr bókhveiti og bambus en ekki fjöðrum. Gólfteppin eru úr bómull og allar snyrti- og hreinsivörur eru án allra dýraafurða.



Hægt er að njóta vegan dvalar frá upphafi til enda í glæsilegu rými.



Snyrti- og hreinsivörur sem boðið er upp á í svítunni eru án dýraefna.



Koddar eru fylltir tróði úr bókhveiti og bambus en ekki fjöðrum.

Aukin sala til kínverskra ferðamanna á Íslandi



WeChat Pay

Við aðstoðum söluaðila við að taka við **WeChat Pay** og **Alipay** farsímagreiðslum, tveimur vinsælustu greiðslulausnum Kínverja.

Með **WeChat Pay** og **Alipay** verður þú sýnilegri gagnvart kínverskum ferðamönnum og skapar aukin sölutækifæri.

▶▶ **Hafðu samband við okkur í netfangið sala@centralpay.is eða í síma 556 3600.** ◀◀



Við bjóðum upp á:

- Snjalltækjalausnir
- Greiðslugátt
- POS greiðslulausnir
- Teningar við afgangslukerfi

www.centralpay.is

Farsímagreiðslur sem Kínverjar þekkja

Central Pay hjálpar íslenskum fyrirtækjum að koma til móts við ört stækkandi hóp kínverskra ferðamanna með einföldum greiðslulausnum á staðnum og á netinu.

Það er staðreynd að þegar Kínverjar geta notað WeChat Pay og Alipay eyða þeir meira. Kaupgeta þeirra eykst og jafnframt treysta þeir þessum greiðsluleiðum best," segir Stefán Þór Stefánsson, framkvæmdastjóri Central Pay, um greiðslulausnirnar sem fyrirtækið býður upp á.

„Það sem skiptir ekki minna máli er að greiðslur með farsíma gefa söluaðila tengingu við viðskiptavininn sem kort og reiðufé bjóða ekki upp á. Þannig skapast mjög áhugaverð markaðstækifæri í gegnum farsímann.“

Nokkur hótél eru komin í ört stækkandi viðskiptavinahóp Central Pay auk bílaleiga, verslana og annarra ferðaþjónustuaðila. „Þetta eru ungar lausnir utan Kína. Þetta er því nýtt fyrir mörgum og fjölmargir að uppgötva þessa greiðslumiðla. En þessi hópur viðskiptavina vex hratt og það borgar sig að þjónusta hann betur," segir Stefán.

Kínverskum ferðamönnum fjölgaði um 16 prósent á fyrstu tveimur mánuðum ársins og voru þeir þriðji stærsti ferðamannahópurinn hér á landi. Verði sambærileg fjölgun ferðamanna frá Kína út árið, má áætla að fjöldinn fari nokkuð yfir 100 þúsund strax á þessu ári. „Kínverjar eru sú þjóð sem mun ferðast mest á heimsvísu á komandi árum, segja spár. Það eru því horfur á að vöxturinn hér á landi muni halda áfram



Stefán Þór, framkvæmdastjóri Central Pay. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

á komandi árum," segir Stefán. „Kínverjar þekkja þessar greiðslulausnir og íslensk fyrirtæki eru að markaðssetja sig á þessum miðlum. Við hjálpum þeim að taka þetta skrefi lengra.“

Hvað er WeChat Pay?

- WeChat Pay eru farsímagreiðslur sem eru innbyggðar í WeChat samfélagsmiðilinn.
- Yfir milljarður manna eru virkir notendur á WeChat sem gerir hann að einum vinsælasta samfélagsmiðli í heimi.
- Vöxtur WeChat Pay hefur verið ævintýrlegur á undanförunum árum og er áætlað að greiðslulausnin sé nú sú mest notaða í verslunum og á þjónustustöðum í Kína.
- Samspil samfélagsmiðils

og greiðsluþjónustu skapar söluaðilum einstakt tækifæri til að ná til viðskiptavina og rækta tengslin við þá.

Hvað er Alipay?

- Alipay er greiðsluþjónusta sem þróuð var innan samstæðu Alibaba í Kína, eins stærsta fyrirtækis heims á sviði netviðskipta.
- Yfir 700 milljónir manna nota Alipay farsímagreiðslur í Kína.
- Með Alipay farsímagreiðslum bjóðast söluaðilum ýmsar samskiptaleiðir til þess að ná til viðskiptavina og auglýsa vörur og þjónustu.
- Með staðbundinni markaðssetningu í Alipay er hægt að ná til viðskiptavinarins þegar hann er í grennd við söluaðila.

Scintilla

HOSPITALITY

Scintilla Hospitality er íslenskt fyrirtæki í textílhönnun sem hannar og framleiðir fallegan og vandaðan textíl fyrir hótél og gistiheimili.


Sængurverasett frá 1.990 kr. *

*Ef keypt eru 100+

Handklæði frá 410 kr.

Lök frá 1.190 kr.

Öll verð eru án vsk.



Scintilla, Laugavegur 40, scintilla.is



Tiger Woods neglir golfbolta eitthvert lengst út á haf árið 2004 af þylupallinum.



Burj Al Arab eða Arabaturninn er 321 m að hæð. NORDICPHOTOS/GETTY



Agassi örlítið að leika sér. Reynir að negla boltanum af öllum mætti. Hann spilaði leik árið 2005 á þakinu.

Íþróttir á toppnum

Þylupallurinn á Burj Al Arab hótelinu í Dúbaí hefur verið notaður til alls konar íþróttaiðkunar. Þar hefur verið spilaður tennis, boxað, stokkið niður og Tiger Woods hefur þrumað golfkúlu ofan af pallinum. Woods fékk eina milljón dollara til að slá boltana niður. Hótelid hefur verið stundum nefnt eina sjö stjörnu hótelið í heiminum en það þykir afar umdeilt.

Burj Al Arab eða Arabaturninn er 321 metri að hæð og þannig fjórða hæsta hótélbyggingin í heimi. Hótelid stendur á gervieju sem liggur 280 metra frá ströndinni Jumeirah. Eyjan er tengd við meginlandið með boginni brú en turninn er hannaður þannig að hann líkist skipssegli.

» Hótelid stendur á gervieju sem liggur 280 metra frá ströndinni Jumeirah.

Woods er ekki eini íþróttamaðurinn sem hefur iðkað sína íþrótt þarna uppi. Þegar André Agassi og Roger Federer spiluðu tennisleik á pallinum var það gert til að vekja athygli á Dubai Duty Free mótinu. Síðan þá hefur Federer reglulega fengið spurningar um hvornig það hafi verið að spila þennan leik. „Ég vissi ekki hvaða áhrif þetta myndi hafa. Ég fór þarna um árið með Novak Djokovic og það er einstök tilfinning að standa þarna og spila sína íþrótt,“ sagði Federer við CNN fyrir þremur árum. Þeir félagar spiluðu árið 2005 og skemmtu sér konunglega. Líkt og með flest er toppiþróttamönnum borgað til að sýna örlitlar listir sínar þarna uppi.

Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús
Ryðfrír
neysluvatnshitarar
með 12 ára ábyrgð

Hitöld (element), hitastillar,
hitastýringar og flest annað
til rafhitunar

Við erum sérfræðingar í öllu sem
viðkemur rafhitun.



Rafhitun

Kaplahrauni 19 • Hafnarfirði
Sími: 565 3265
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

Gerid gæða- og
verðsamanburð



Ljós PU-leðurbotn

Valhöll heilsudýnan hefur
fengið mjög jákvæðar
umsagnir hótélgesta



Rúmfaetur í svörtu, krómuðu
eða úr viði

Svefn & heilsa



Gott úrval
af vörum fyrir hótél og gististaði

- ★ Heilsudýnur
- ★ Rúmbotnar
- ★ Höfuðgaflar
- ★ Náttborð
- ★ Rúmföt
- ★ Rúmteppi
- ★ Lök
- ★ Hlífðardýnur
- ★ Sængur
- ★ Koddar
- ★ Handklæði
- ★ Inniskór
- ★ Sloppar
- ★ Lofthreinsitæki og margt fleira



RESPIRA vatnsheldar dýnuhlifar og koddaver. Mjúkt „Organic cotton“ bytingarkennt efni sem andar vel.



Úrval af góðum handklæðum



Baðmottur í úrvali



Svartur PU-leðurbotn



Grár botn úr gæðaefni

Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

Svefn & heilsa



Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00